

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-82/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 4. nóvember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tveimur flugmiðum af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi keypti flugmiðana í kjölfar auglýsingar seljanda um 30% afslátt af flugmiðunum en í ljós kom að afslátturinn var aðeins tæplega 20% eftir að skattar voru teknir með í kaupverðið. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á mismuninum á auglýstum afslætti og þeim afslætti sem hún fékk við kaupin.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur kaup á flugmiða milli landa.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

- 1. vinnu við lausafjármuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjármunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess að gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kæruneftndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

III

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson